



AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032.

*Skilmálabreyting fyrir landbúnaðarsvæði, opin svæði,
frístundabyggð, skógræktar- og landgræðslusvæði.*

22.01.2025

Br. 14.08.2025






SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 03.09.25


Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 25.02.2026


SKIPULAGSSTOFNUN


SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 26.09.2024 með athugasemdafresti til: 18.10.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 27.03.2025 með athugasemdafresti til: 09.05.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

102711-GRG-001-V08

HÖFUNDUR

SOS/MS/BRE

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR BREYTINGAR	4
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2	Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt 2022-2031	5
3.3	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	6
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
4.1	Kafli 3.2.1 Landbúnaðarsvæði (L)	8
4.2	Kafli 3.3.1 - Opin svæði (OP)	8
4.3	Kafli 3.2.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	9
4.4	Kafli 3.1.2 Frístundabyggð	10
5	UMHVERFISSKÝRSLA	11
5.1	Umhverfispættir og áherslur	11
5.2	Mat á umhverfisáhrifum	13
5.2.1	Niðurstöður	15
6	SKIPULAG, KYNNING OG SAMRÁÐ	16
6.1	Umsagnaraðilar	16
6.2	Skipulagsferli	16
6.3	Breyting að lokinni auglýsingu	16

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010. Breytingin snýst um skýrari stefnumörkun um skógrækt í sveitarfélaginu. Að auki eru settir skilmálar varðandi uppbyggingu innan frístundabyggða. Eingöngu er um að ræða breytingu á almennum skilmálum.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á skilmálum aðalskipulags í greinargerð þessari ásamt umhverfismatsskýrslu.

Þar sem um er að ræða breytingu á almennum skilmálum aðalskipulags, verða ekki lögð fram stafræn gögn til Skipulagsstofnunar samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

2 FORSENDUR BREYTINGAR

Breytingin tekur til skógræktar innan skilgreindra landnotkunarflokka, svo sem landbúnaðarlands, opinna svæða og skógræktar- og landgræðslusvæða. Undanfarin misseri hefur verið töluverð ásókn í landsvæði fyrir skógrækt í sveitarfélaginu. Oftast nær eru það svæði á þegar skilgreindu landbúnaðarlandi. Þess vegna telur sveitarstjórn nauðsynlegt að marka skýrari stefnu í aðalskipulagi um það á hvaða svæðum skógrækt sé æskileg, hver málsmeðferð slíkra mála skal vera og hvers konar gögn þarf að leggja fram með slíkum umsóknum. Markmið breytingarinnar er að gera ítarlegri skilmála til að hafa bæði betri yfirsýn og stjórn á skógrækt, sem og skapa betra verkfæri til að takast á við og halda utan um skógræktaráform innan sveitarfélagsins til framtíðar. Núverandi SL svæði undir 200 ha verða eftir atvikum endurskoðuð við næstu heildarendurskoðun aðalskipulags.

Almennt vill sveitarfélagið fá betri rökstuðning fyrir breytingu landnotkunar samhliða umsókn landeigenda/framkvæmdaaðila um breytta landnotkun, þar sem land er fellt úr landbúnaðarnotum í samræmi við 5 gr. jarðalaga. Í rökstuðningi skuli m.a. koma fram áherslur og umfang framkvæmda, helstu áhrif á aðliggjandi svæði og það svæði sem breyting tekur til, hvort þar séu skilgreind verndarsvæði og þá hvort og hvaða mótvægisáðgerðum verði gert ráð fyrir.

Einnig er gerð breyting á almennum skilmálum fyrir uppbyggingu í frístundabyggð þar sem nýtingarhlutfall verður rýmkað. Heimildir er varða hámarks nýtingarhlutfall frístundalóða hafa verið óbreyttar um margra ára skeið innan aðalskipulags sveitarfélagsins, þar sem 3% hámarks nýtingarhlutfall hefur verið skilgreint sem tekur til A og B rýma bygginga. Í takt við breyttar kröfur sumarhúsaeygenda um stærðir og gæði frístundahúsa vill sveitarfélagið koma til móts við óskir lóðarhafa í frístundabyggð eftir rýmri byggingarheimildum, þar sem aðstæður leyfa.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samheppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Loftslagsaðlögun, kolefnishlutleysi og binding gróðurhúsalofttegunda eru undirstaða stefnunnar. Stuðla þarf með markvissum hætti að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun samhliða því að stuðla að seiglu samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Í stefnunni eru sett fram eftirfarandi markmið:

Markmið um *vernd umhverfis og náttúru* stuðlar að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Markmið um *velsæld samfélagsins* stuðlar að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efli atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi.

3.2 Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt 2022-2031

Lykilviðfangsefni stefnu um landgræðslu og skógrækt eru gróður- og jarðvegsauðlindir landsins. Stefnan fjallar um hvernig megi vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir landsins sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Ræktun nýrra skóga miðar að uppbyggingu auðlindar sem hægt er að nýta til hagsbóta fyrir samfélagið til framtíðar. Það þarf að gerast á þann hátt að ekki verði gengið á önnur gæði og að tekið sé tillit til náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

Framtíðarsýn og áherslur til 2031

Eftirfarandi framtíðarsýn fyrir landgræðslu og skógrækt á Íslandi er sett fram:

- Ástand vistkerfa og líffræðileg fjölbreytni þeirra er í samræmi við vistgetu.
- Nýting skóga, votlendis og annarra vistkerfa er sjálfbær og þau hafa öflugan viðnámsþrótt gegn náttúrulegum áföllum og öðru raski.
- Vistkerfi landsins geyma ríkulegt magn af kolefni í jarðvegi og gróðri og gegna lykilhlutverki í að Ísland bindi meira kolefni en það losar.
- Aukin landgæði í skógum og blómlegri vistkerfum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og eykur þanþol samfélaga gagnvart umhverfisbreytingum.
- Land býr yfir gæðum sem styðja við fjölbreytta atvinnustarfsemi og sjálfbæra þróun byggða um allt land.

Til að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika eru settir fram fimm áherslupættir sem draga fram meginviðfangsefni stefnunnar:

- Efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar.
- Efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum.
- Stuðla að sjálfbærri landnýtingu.
- Efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu.
- Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

3.3 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er fjallað töluvert um skógrækt, bæði í forsendum og umhverfisskýrslu og í greinargerð skipulagsins. Ein meginstefna aðalskipulags er að skapa loftslagsvæna byggð og stuðla að bættri vitund íbúa um loftslagsmál, m.a. með fjölbreyttari möguleikum í samgöngum, bindingu gróðurhúsalofttegunda, skógrækt og endurheimt votlendis. Helst það í hendur við stefnu um verndun úrvals landbúnaðarlands.

Landbúnaðarland er grunn landnotkunarflokkur aðalskipulagsins. Landbúnaðarland í sveitarfélaginu hefur verið metið m.t.t. ræktunarhæfni og á grundvelli matsins eru skilgreindir þrír flokkar skilmála sem segja til um heimildir til uppbyggingar í hverjum flokki fyrir sig:

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR
L1	Úrvals landbúnaðarland með takmörkuðum byggingarheimildum	Landbúnaðarland í flokki I og að hluta til í flokki II (sbr. flokkun landbúnaðarlands); sléttlendi, nær grjótlaut og frjósamur jarðvegur. • Landið verði fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu. Byggingar, vegir, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar nýtingu lands til matvælaframleiðslu er að jafnaði ekki heimil. Þó er heimilt að byggja upp á 1-2 ha spildum á bæjartorfum bújarða þar sem hentugt er að samnýta vegi og veitur. • Byggingar geta verið heimilar í jaðri svæða og verður það skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu. • Mögulegt er að heimila afturkræfar framkvæmdir ef metið er að auðvelt sé að endurheimta land til matvælaframleiðslu. • Heimilt er að vera með skjólbelti.
L2	Gott landbúnaðarland	Landbúnaðarland í flokki II-IV. Land að hluta til ágætt til akuryrkju, einkum land í flokki II. • Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi, sem getur verið ótengd landbúnaði. • Forðast skal að raska samfellu í góðu landbúnaðarlandi með byggingum og vegagerð. • Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar og skjólbeltaræktunar. • Landspildur eru jafnan yfir 10 ha að stærð.
L3	Landbúnaðarland með rúmum byggingarheimildum	Megin landnýting verður áfram landbúnaður sem atvinnustarfsemi og/eða áhugabúskapur. • Heimilt er að byggja upp litlar landspildur til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi sem er jafnvel ótengd landbúnaði. • Landspildur eru jafnan 1- 15 ha að stærð. Nýtingarhlutfall er 0,05 og heildar byggingarmagn á lóðum/landspildum er að hámarki 1.500 m², nema mannvirki séu tengd landbúnaðarstarfsemi. • Óheimilt er að hafa mengandi starfsemi sem veldur öðrum óþægindum, s.s. vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða sjónmengunar, né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. • Húsdýrahald og skógrækt er heimil

Í skilmálunum er sérstaklega tiltekið um skógrækt:

- L1 - Byggingar, samfelld skógrækt og annað sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á landbúnaðarlandi L1, eða á skilgreindum verndarsvæðum.
- L2 - Hluti svæða getur hentað vel til skógræktar og skjólbeltaræktunar.
- L3 - Húsdýrahald og skógrækt er heimil.

Um skógræktar- og landgræðslusvæði er lögð fram eftirfarandi stefna í aðalskipulagi sveitarfélags:

- Að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Sveitarfélagið mun setja sér stefnu um hvernig það geti orðið kolefnishlutlaust.
- Að skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól.
- Að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði.

Almennir skilmálar:

- Skógrækt er heimil á landbúnaðarlandi í flokkum L2 og L3 og skjólbeltarækt er heimil allsstaðar í byggð.
- Skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegsýn.
- Landgræðsla er heimil þar sem hennar gerist þörf.
- Við skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka verði ekki hindruð frjáls för manna og tekið tillit til mikilvægra vistgerða.

Skógræktarsvæði sem skilgreind eru í skipulagsáætluninni eru ýmist svæði á vegum skógræktarfélaga, skógrækt í tengslum við Land og skóga eða skógrækt á vegum einstaklinga. Núverandi og áætluð skógræktarsvæði, stærri en 15 ha, eru sýnd á skipulagsuppdraetti. Mörg svæðanna eru einnig nýtt sem útivistarsvæði. Á skógræktarsvæðum er heimilt að hafa mannvirki sem þjóna notkun svæðanna, s.s. bílastæði, snyrtiaðstöðu, gönguleiðir, áningarstaði og upplýsingaskilti. Nýræktun skóga á 200 ha svæði og stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskylt vegna umhverfismats.

Alls eru skilgreind 17 skógræktar- og landgræðslusvæði í aðalskipulagi og ná þau yfir um 4581 ha af landi.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á ákveðnum köflum í greinargerð aðalskipulags. Aðeins er gerð breyting á almennum skilmálum og ekki gerð breyting á uppdraetti.

4.1 Kafli 3.2.1 Landbúnaðarsvæði (L)

Bætt er við eftirfarandi skilmálum:

- Skógrækt á landbúnaðarlandi umfram 3 ha er framkvæmdaleyfisskyld og skal þá skila inn ræktunaráætlun ásamt uppdrætti sem gerir grein fyrir umfangi framkvæmdar. Séu frekari framkvæmdir áætlaðar innan svæðisins, t.d. sem varðar uppbyggingu húsa, getur eftir atvikum verið þörf á gerð deiliskipulags sem tekur til framkvæmdaheimilda innan svæðisins þar sem samhliða er gert grein fyrir heimildum er varða skógrækt.
- Þar sem farið er í skipulagða skógrækt, sem þó er ekki það umfangsmikil að kalli á aðalskipulagsbreytingu, skal fara að skilmálum SL (kafli 3.3.2)
- Í umsókn um breytta landnotkun skal rökstyðja þörf til breytinga, stærðar svæðis og hvort mögulega megi nýta önnur æskilegri svæði fyrir breytta landnotkun, sérstaklega ef um er að ræða verndarsvæði og/eða úrvals landbúnaðarlandi (L1).
- Í yfirferð umsóknar um breytta nýtingu landbúnaðarlands og eftir atvikum uppskiptingu lands er m.a. tekið mið af:
 - Flokkun landbúnaðarlands.
 - Mat á verndargildi vistkerfa og jarðminja sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, þ.m.t. votlendi og lítt gróin eldhraun.
 - Mat á áhrifum vegna forn- og náttúruminja.
- Við mat á breyttu skipulagi og eftir atvikum afgreiðslu framkvæmdaleyfis skal leita umsagna stofnana s.s. Lands og skóga, Náttúruverndarstofnunar og Minjastofnunar.
- Almennt verður breytt landnotkun ekki heimiluð á úrvals landbúnaðarlandi (L1) eða verndarsvæðum nema sýnt sé fram á að flokkun landbúnaðarland sé ekki rétt og/eða að framkvæmdir rjúfi ekki samfellu á úrvals ræktunarlandi, sé í jaðri svæðis og í góðum tengslum við samgöngu- og veitukerfi.

4.2 Kafli 3.3.1 - Opin svæði (OP)

Bætt er við almennum skilmálum fyrir opin svæði utan þéttbýlis:

- Heimiluð er takmörkuð skógrækt til fegrunar, skjólmyndunar o.fl.
- Þar sem áætluð er veruleg skógrækt, yfir 3 ha, s.s. til kolefnisbindingar eða atvinnustarfsemi, fer eftir ákvæðum um skógrækt og landgræðslusvæði (kafli 3.2.2) og eftir atvikum skal aðalskipulagi breytt, yfir í SL svæði.
- Uppfæra fornleifaskráningu, liggi fullnægjandi skráning ekki fyrir.

4.3 Kafli 3.2.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Eftirfarandi almennir skilmálar falla úr gildi:

Núverandi og áætluð skógræktarsvæði, stærri en 15 ha, eru sýnd á skipulagsuppdrætti.

Bætt við eftirfarandi skilmálum:

- Öll svæði 200 ha og stærri eru almennt skilgreind sem SL svæði í aðalskipulagi.
- Eftir atvikum verða minni svæði háð breytingu aðalskipulags sem SL svæði m.a. þar sem fram fer atvinnuskógrækt, s.s. til viðarframleiðslu, jólatrjáarrækt, kolefnisbindingar og sölu á kolefniseiningum.
- Sé um að ræða fjölnytjaskógrækt, s.s. landbótaskógrækt, áhugaskógrækt við þéttbýli, á opnum svæðum, til útivistar, minningarreiti o.fl. skal sækja um framkvæmdarleyfi.
- Skógrækt er almennt framkvæmdaleyfisskyld og skal skila inn áætlun um ræktunaráform og áfangaskiptingu framkvæmdar. Séu frekari framkvæmdir áætlaðar innan svæðisins t.d. er varðar uppbyggingu húsa getur eftir atvikum verið þörf á gerð deiliskipulags.
- Í ræktunaráætlun/deiliskipulagi skal horfa til 5. gr. jarðalaga ásamt því að gera grein fyrir:
 - Mati á verndargildi vistgerða og jarðmyndana á viðkomandi svæði.
 - Mat á landgæðum m.a. að teknu tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni, kolefnisbúskapar vistkerfa og að stuðlað sé að sjálfbærri landnýtingu.
 - Mat á áhrifum á vistkerfi, s.s. búsvæði fugla.
 - Mat áhrifa á þekktar forn- og náttúruminjar.
 - Uppfærð fornleifaskráning, liggi fullnægjandi skráning ekki fyrir.
 - Mat á áhrifum skógræktar á ásjón og útsýni.
 - Möguleg áhrif á grunnvatn, þ.m.t. vatnshlot.
 - Gera grein fyrir jarðvinnslu s.s. plægingu, slóðagerð og tegundavali.
- Almennt verður skógrækt ekki heimiluð á úrvals landbúnaðarlandi, votlendi og þar sem mikil útbreiðsla vistgerða með hátt verndargildi er til staðar, nema til komi mótvægisáðgerðir eða sýnt fram á að flokkun/mat lands sé ekki rétt.
- Á stærri skógræktarsvæðum skal m.a. hugað að flóttaleiðum og tegundavali plantna m.t.t. brunavarna.
- Leitað skal umsagnar til Lands og Skóga, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar, Náttúrufræðistofnunar og eftir atvikum til annarra aðila og stofnana sem kunna að hafa hagsmuna að gæta, þegar kemur til umsóknar um framkvæmdaleyfi eða breytingu skipulags vegna skógræktar.
- Við skógrækt á opnum svæðum skal horft til þess að hámarka nýtingu svæðisins m.t.t. aðgengis almennings til útivistar og almennrar nýtingar á slíkum svæðum.
- Nýræktun skóga á 200 ha svæði og stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskyld vegna umhverfismats og skal fara fram á skilgreindum SL svæðum. Óheimilt er að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir.
- Eftir atvikum þarf að horfa til samlegðaráhrifa fyrirhugaðrar skógræktar með skógrækt á nálægðum svæðum, fari heildarstærð yfir 200 ha.
- Skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka skal ekki hindra frjálsa för manna.
- Skógrækt skal ekki valda snjósöfnun á vegum eða hindra vegsýn.

4.4 Kafli 3.1.2 Frístundabyggð

Breytingar á skilmálum frístundabyggðar snúa einkum að byggingarskilmálum.

Í gildandi aðalskipulagi eru m.a. eftirfarandi almennir skilmálar:

- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 1/2 - 1 ha og nýtingarhlutfall allt að 0,03. Heimilt byggingarmagn er þó allt að 100 m² á lóðum sem voru stofnaðar fyrir 2021, þrátt fyrir að þær séu minni en 1/3 ha, nema meira byggingarmagn sé heimilt skv. gildandi deiliskipulagi. Almennt er gert ráð fyrir að lóðir taki til allt að 2/3 hluta frístundasvæða.
- Heimilt er að hafa aukahús/gestahús og geymslu á hverri lóð og teljast þessar byggingar með í heildar byggingarmagni lóðar.

Breyttir skilmálar:

- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 1/2 - 1 ha. Heildarnýtingarhlutfall lóðar er allt að 0,08, þar af að hámarki 0,05 ofan jarðar. Heimilað byggingarmagn er allt að 150 m² á lóðum sem voru stofnaðar fyrir 2021, þrátt fyrir að þær séu minni en 3.000 m², nema meira byggingarmagn sé heimilt skv. gildandi deiliskipulagi.
- Þar sem landfræðilegar aðstæður leyfa, s.s. í halla, er heimilt að hafa kjallara undir húsi. Kjallari telst til heildarbyggingarmagns lóðar og skal vera innan heimilaðs heildar nýtingarhlutfalls. Heimilaður kjallari skal þó aldrei vera stærri en botnflötur hússins.
- Almennt er gert ráð fyrir að lóðir taki til allt að 2/3 hluta frístundasvæða.
- Heimilt er að hafa aukahús/gestahús og geymslu á hverri lóð og teljast þessar byggingar með í heildar byggingarmagni lóðar.
- Uppfærð fornleifaskráning, liggi fullnægjandi skráning ekki fyrir.

5 UMHVERFISSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðauka 1.01 og 5.4. gr. skipulagsreglugerð 90/2013. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni eru skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar matsspurningar og helstu viðmið í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni.

TAFLA 1. Umhverfispættir, viðmið og matsspurningar

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landnotkun Landslag Landnotkun Ásýnd	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> - Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> - Vernda skal landslag og ásýnd svæða og að skógur spilli ekki góðum útsýnisstöðum. - Gæta umhverfissjónarmiða við skipulag svæða og öll landnýting verði í sátt við náttúruna. - Húsagerðir og lóðaskipan skulu falla vel að landslagi. <i>Aðgerðaráætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> - Val á landi til skógræktar taki tillit til landslags og verðmæti landbúnaðarlands. <i>5. gr. jarðalaga nr. 81/2004.</i> - Vernd landbúnaðarlands með það að markmiði að tryggja fæðuöryggi til framtíðar. <i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i> - Stuðla að verndun jarðvegs og draga úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.	Hefur stefnan áhrif á landnotkun og landbúnaðarland? Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins?
Náttúrufar Vistkerfi Gróður Jarðvegur Búsvæði dýra	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg, að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni. <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> - Hugað sé að verndun landslags og mikilvægra vistgerða sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. <i>Aðgerðaráætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> - Að landnýting taki mið af ástandi og getu vistkerfa. - Skógrækt stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd. <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> <i>VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.</i> <i>Lög um skógrækt nr. 33/2019.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Loftslagsmál Kolefnisbinding Kolefnishlutleysi	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	- Skógrækt verði nýtt til bindingar kolefnis. - Skapa loftvæna byggð og stuðla að bættri vitund íbúa um loftslagsmál, m.a. með bindingu gróðurhúsalofttegunda, skógrækt og endurheimt votlendis. <i>Aðgerðaaætlun í loftslagsmálum.</i> - Efla skógrækt, vernda og auka kolefnisforða vistkerfa. <i>Aðgerðaaætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> - Að rækta skóga með mikla getu til kolefnisbindingar. <i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i> - Stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum.	
Heilnæmt umhverfi Öryggi Brunavarnir	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. - Í skipulagi verði hugað sérstaklega að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í fristundabyggð og á skógræktarsvæðum. <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> - Vinna að samgöngubótum og betra umferðaröryggi.	Hefur stefnan áhrif á hættu á gróðureldum? Hefur stefnan áhrif á hljóðvist og loftgæði?
Vatn Grunnvatn	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. <i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i> - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> - Leggja áherslu á áframhaldandi nýtingu jarðhita, bæði til að styrkja atvinnulíf og til að bæta lífsgæði íbúa.	Mun stefnan auka álag á grunnvatn / vatnshlot? Eykst hætta á mengun með breyttri stefnu?
Samfélag Atvinnulíf Hagræn áhrif Útivist	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. - Skapa aðlaðandi og öruggt umhverfi og veita möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi. <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> - Skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegrátt. - Stuðla að fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi. - Stuðla að heilsueflandi samfélagi fyrir íbúa og gesti. - Að skógrækt og skjólbelti verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól. - Að sveitarfélagið verði áfram áhugaverður kostur fyrir fristundabyggð. <i>Aðgerðaaætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i> - Efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist. - Aukin landgæði í skógum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og þróun byggða. - Að vinna að auknu verðmæti skógarafurða. - Að landnýting styðji við atvinnu og byggð. <i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i> - Auðvelda aðgengi til útivistar og auka þekkingu á málefnum skógræktar. - Nýting skóga skal vera sjálfbær og skila þannig sem mestum ávinningi til samfélagsins, þ.e.a.s. hagrænum, umhverfislegum og félagslegum ávinningi.	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf og hagræna þætti? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika?

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Náttúru- og menningarminjar <i>Fríðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Fornminjar.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og sérstæðra náttúru- og menningarminja. <i>Aðalskráning fornminja.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i> <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> - Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja en jafnframt sé fólki gert kleift að njóta þeirra eins og aðstæður leyfa. - Taka skal tillit til þekktra minja við skipulag landnýtingar. - Unnið skal að lagfæringu og viðhaldi á völdum minjum, t.d. fornum bæjarstæðum, samgöngumannvirkjum og heimavirkjunum. <i>Aðalskráning fornminja.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> 21. gr. laganna – 3. mgr. 3. gr. fornleifum, jafnt þeim sem fríðlýstar eru sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. <i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i>	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?

5.2 Mat á umhverfisáhrifum

Gerð er grein fyrir áhrifum af breyttu skipulagi á ofangreinda umhverfispætti.

Breytt stefna fyrir skógrækt: Skýrari stefna og skilmálar eru settir um skógrækt á landbúnaðarsvæðum, opnum svæðum og skógræktar- og landgræðslusvæðum. Markmið breytingarinnar er að veita sveitarfélaginu betri yfirsýn og stjórn á skógrækt innan sveitarfélagsins. Sýna þarf fram á að fyrirhuguð skógrækt sé svæðinu til hagsbóta og hafi ekki neikvæð áhrif á aðliggjandi landnotkun og önnur náttúru- og menningargæði.

Breytt stefna fyrir frístundabyggð: Skilmálar um nýtingarhlutfall og byggingarheimildir eru rýmkaðir. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,03 í 0,05 og heimild er fyrir kjallara þar sem landfræðilegar aðstæður leyfa.

Breytt stefna skógrækt

Áhrif á land og landnotkun eru metin jákvæð. Öll skógrækt hefur áhrif á land, landnotkun og ásýnd svæða með einum eða öðrum hætti. Umfang áhrifa fara eftir staðháttum á hverju svæði fyrir sig. Með breytingunni setur sveitarfélagið fram skýrari stefnu til að beina skógrækt að svæðum sem talin eru henta betur fyrir skógrækt. Kröfur eru gerðar til landeiganda/framkvæmdaraðila um að ræktunaráform og áhrifamat skógræktar þurfi að liggja fyrir áður en sveitarfélagið gefur út heimild til skógræktar þar sem rökstuðningur á hverjum stað fyrir sig þarf að liggja fyrir.

Áhrif á náttúrufar eru metin óviss/jákvæð. Skógrækt hefur í för með sér breytingar á náttúrufari. Með uppgreðslu skóga breytist gróðurhula og tegundasamsetning svæða. Líffræðileg fjölbreytni getur stjórnað af tegundavali sem notað er í skógrækt. Slíkar breytingar geta haft áhrif á framvindu jarðvegs og ýmis gæði og eiginleika hans. Skógrækt leiðir af sér breytt vistkerfi með tímanum sem getur haft áhrif á dýralíf, þá helst fuglalíf, en mörg svæði og vistkerfi í sveitarfélaginu teljast til mikilvægra fuglaverndunarsvæða. Mikilvægt er að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða þegar ákvörðun er tekin

um skógrækt. Óvíst er hver áhrifin verða út frá aðstæðum á hverju svæði fyrir sig en jákvætt að sveitarfélagið er að fara fram á nánari áætlun af fyrirhuguðum skógræktarverkefnum.

Áhrif á loftslagsmál eru metin óviss. Áhrif skógræktar á loftslagsmál fer eftir umfangi hennar á hverjum stað og þeim umhverfispáttum sem þegar eru til staðar. Skógrækt getur aukið bindingu gróðurhúsalofttegunda í gróðri og jarðvegi en taka þarf tillit til kolefnisbúskapar þess vistkerfis þar sem verið er að gróðursetja. Breytingin er til þess ætluð að hjálpa sveitarfélaginu að hafa yfirsýn yfir skógræktarverkefni og að beina skógrækt frá þeim svæðum sem ekki eru æskileg fyrir skógrækt. Óvíst er hvaða áhrif breytingin hefur á umfang skógræktar í sveitarfélaginu.

Áhrif á heilsu og öryggi eru metin óveruleg. Aukin útbreiðsla skóga hefur í för með sér aukna hættu á skógareldum. Farið er eftir viðbragðsáætlunum sveitarfélagsins og almannavarna ef til þeirra kemur. Sé uppbygging fyrirhuguð innan skógræktarsvæða verður nánar gert grein fyrir brunavörnum og flóttaleiðum í deiliskipulagi fyrir tiltekin svæði. Óvíst er er hvort breytingin hafi í för með sér aukið umfang skóga en skógar hafa m.a. í för með sér jákvæð áhrif á loftgæði.

Áhrif á vatn eru metin óveruleg. Um breytingu á almennum skilmálum er að ræða sem getur haft áhrif á öll þau vatnshlot sem finnast innan sveitarfélagsins. Sé uppbygging í tengslum við skógrækt þess eðlis að deiliskipuleggja þarf svæðið skal gera nánar grein fyrir áhrifum vegna vatnstöku og fráveitu í deiliskipulagi. Sé farið eftir viðeigandi lögum og reglugerðum um vatnamál er ólíklegt að vatnshlot verði fyrir neikvæðum umhverfisáhrifum vegna breytingarinnar.

Áhrif á samfélag er metin jákvæð/óviss. Með breytingunni er verið að stuðla að betri upplýsingum við ákvarðanatöku er varðar landnotkun sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið í heild sinni og draga úr hættu um að skógrækt raski ekki öðrum samfélagslegum gæðum sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Skógrækt hefur í för með sér ýmis samfélagsleg gæði, s.s. með því að skapa aðlaðandi útivistarsvæði og mynda skjól fyrir landbúnað og byggðina. Þar að auki getur skógrækt verið atvinnuskapandi og haft ýmis jákvæð hagræn áhrif í för með sér. Erfitt er að segja með vissu hversu mikil áhrif breytingin hefur á aukna útbreiðslu skógræktar í sveitarfélaginu.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er metin jákvæð. Breytingin gerir kröfu um að uppfærð fornleifaskráning á fyrirhuguðum skógræktarsvæðum skuli vera meðal þeirra gagna sem leggja þarf fram við umsókn um leyfi til skógræktar. Óheimilt er að raska þekktum fornminjum með skógrækt. Gera þarf grein fyrir áhrifum á jarðmyndanir við umsókn um leyfi til skógræktar og skal farið eftir lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Breytt stefna frístundabyggð

Áhrif á land og landnotkun eru metin óveruleg. Aukið byggingarmagn á frístundasvæðum hefur óveruleg áhrif á land, landnotkun og ásýnd þar sem byggingarheimildir aukast óverulega. Frístundasvæði halda áfram að byggjast upp á sömu svæðum og með svipuðu móti og í dag.

Áhrif á náttúrufar, loftslagsmál og náttúru- og menningarminjar eru metin óveruleg. Aukið byggingarmagn á frístundalóðum er íhaldssamt og kemur náttúrufar ekki til með að raskast mikið umfram núverandi byggingarheimildir. Breytingin er ekki líkleg til að hafa teljandi áhrif á loftslag.

Áhrif á heilsu, öryggi og vatn eru metin óveruleg. Aukið byggingarmagn hefur ekki áhrif umfram gildandi aðalskipulag.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Með breytingunni er sveitarfélagið að koma til móts við óskir landeiganda um að nýta frístundalóðir sínar til frekari uppbyggingar. Töluverður fjöldi frístundarlóða er í sveitarfélaginu og geta þær orðið eftirsóknarverðari með rýmri byggingarheimildum.

5.2.1 Niðurstöður

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni og telur að á heildina litið séu áhrif hennar fremur jákvæð þótt erfitt sé að segja með vissu hvort hún hafi í för með sér aukið umfang skógræktar eða ekki. Með skýrari stefnu og skilmálum í aðalskipulagi gefur sveitarfélagið skýrari stefnumörkun fyrir þá aðila sem ætla í skógrækt innan sveitarfélagsins um hvaða gögn þurfi að liggja fyrir áður en sveitarfélagið heimili breytta landnotkun. Færst hefur í vöxt að óskað sé eftir heimild til skógræktar, m.a. út af vaxandi áherslu á loftslagsmál og áhuga á að nýta skógrækt til að binda gróðurhúsalofttegundir, en einnig er mikilvægt að standa vörð um önnur náttúru- og samfélagsleg gæði sem geta rýrnað við útbreiðslu skógræktar. Þá veitir breytt stefna á opnum svæðum og landbúnaðarlandi aukið svigrúm til skógræktar, án þess þó að draga úr kröfum um gögn varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir.

Á frístundasvæðum veita auknar heimildir til uppbyggingar, á þeim lóðum sem auðveldlega bera aukið byggingarmagn út frá landslagi og ásýnd. Því er um jákvæða breytingu að ræða, samhliða því að aukið byggingarmagn, eykur fasteignamat og styrkir þar með tekjugrunn sveitarfélags.

6 SKIPULAG, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í október 2024. Umsagnir bárust frá Náttúruverndarstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landsneti, Skipulagsstofnun, Land og skóga og Minjastofnun Íslands.


6.1 Umsagnaraðilar

Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Minjastofnun Íslands
- Náttúruverndarstofnun
- Land og Skógur
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þá m.a. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferli



6.3 Breyting að lokinni auglýsingu

Alls bárust umsagnir frá 6 aðilum. Ekki er þörf á efnislegum breytingum. Uppfært var heiti Umhverfisstofnunar yfir í Náttúruverndarstofnun í samræmi við breytingar um síðustu áramót.

Eftir yfirferð Skipulagstofnunar fyrir staðfestingu á breytingu var skerpt á orðalagi í skilmálum í kafla 4.1, 4.3 og 4.4. Engar efnislegar breytingar voru gerðar. Eftir aðra og þriðju yfirferð SLS var enn skerpt á skilmálum, annars vegar um skógrækt yfir 200 ha fari alltaf í breytingu aðalskipulags (kafla 4.3) og að kjallara frístundahúsa sé aldrei stærri en botnplata frístundahúss (kafla 4.4).